

Sunnudagskvöldið 27. júní 2010 kl. 20:30 kom fjallskilastjórn Víðdælinga saman til fundar að Litlu – Ásgeirsá.

1. Fráfarandi formaður Sigtryggur Á. Sigurvaldason setti fund og stjórnaði, Maríanna skrifaði fundargerð.
2. Kosning formanns og ritara. Sigtryggur endurkjörinn formaður og Maríanna E. Ragnarsdóttir kjörin sem ritari.
3. Formaður kynnti tillögu landbúnaðarráðs um upphæð styrkvegafjár til deildarinnar, kr. 2.200.000,- og gildir hún með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar og ráðherra. Ráðgert er að klára kafla austan Haugakvísl draga og að lagfæra veg framan Fellaskála. Búið er að bera í Hrapstaðabrekku og hreinsa upp úr ristarhliði við Hrapstaði.
4. Stefnt er að því að endurnýja hestahólf við Bleikskvíslarskála. Formaður ætlar að kanna hver efniskostnaðurinn er.
5. Stefnt er að áframhaldandi endurnýjun á milligerðum í Víðidalstungurétt auk almenns viðhalds rétta.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Maríanna Eva Ragnarsdóttir
Sigtryggur Sigurvaldason
Júlíus Guðni Antonsson